

TÓNLISTIN

TÍMARIT FÉLAGS ÍSLENZKRA TÓNLISTARMANNA

EFNI:

- Guðmundur Matthíasson: Inngangsorð.
Brynjólfur Bjarnason: Ræða við opnun tónlistarsýningar í Reykjavík.
Jón Leifs: Norræn tónlist.
Hallgrímur Helgason: Íslensk tónlist.
Jón Leifs: Alþjóðasýningar og menningarviðskipti.
Þórarinn Jónsson: Ár vas alda (lag).
Þorsteinn Konráðsson: Ísl. kirkjusöngsbókaútgáfur.
Katrín Ólafsdóttir Mixa: Um Vínarborg.
Þorsteinn Konráðsson: Tónlistarbrautryðjandi frá 19. öld.
Guðrún Sveinsdóttir: Um langspil.
Athugasemd við „leiðréttingu“.

Tónlistarbraut- ryðjandi frá 19. öld:

Jón Pálsson

f. 3. ágúst 1865.

d. 18. janúar 1916.

Bergsætt.


Í þessari stuttu grein ætla ég mér ekki þá dul, að skrifa tæmandi um Jón Pálsson og hans fjölbreyttu störf. Það væri nægt efni í heila bók. Hér verður aðeins rakinn að nokkru sá liður í störfum hans, er snertir tónlistarmálin. Því ekki orkar það tvímælis, að Jón Pálsson verður alltaf stór og ógleymanleg persóna í söngsögu okkar Íslendinga frá 19. og 20. öld.

I. Forspjall.

Sögu menningarinnar í gegnum aldirnar má telja þrotlausa baráttu, baráttu, sem haldið hefur verið uppi af þeim einstaklingum, er skarað

fólks, sem um tugi ára hefur lifað í þessari fögru tónlistarborg, innan um vénekrur og skóga.

Nú á dögum hefur Vínarborg auðvitað mikið breytzt. Ég veit ekki, hvort hinir fögru hljómleikasalir standa ennþá eða hvort mikið er um hljómleikahald þar nú orðið. Söngleikahúsið, þar sem mörg fögur tónverk hafa verið flutt í fyrsta sinn, er eyðilagt. Og það er hætt við, að andrúmsloftið, sem áður virtist



hafa fram úr að viðsýni og mannkærleika. Kemur þar einatt fram, að einn tók við, er annar féll. Sú hlið

þrungið af tónum og hlátri, kveði nú við af andvörpum og vesaldómi. Og ef til vill verður gamla borgin við Dóná aldrei sú borg fegurðar og lista, sem hún var einu sinni. En það mun ekki gleymast, að innan takmarka hennar hafa mörg fegurstu verk tónlistarinnar orðið til og helztu tónsnillingar sögunnar dvalizt, og það mun gera nafn hennar ódauðlegt, á meðan sú tónlist, sem við nú metum mest, er í heiðri höfð.